

**12. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 8. apríl 2019 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraði Lyngási 12 og í gegnum fjarfundarbúnað.**

**Fundurinn hófst kl. 15:00.**

Á Egilsstöðu voru: Björn Ingimarsson, Gunnar Jónsson, Anna Alexandersdóttir, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Þórðarson, Gauti Jóhannesson og Vilhjálmur Jónsson.

Í fjarfundabúnaði voru: Bergþóra Birgisdóttir, Þorbjörg Sandholt, Elvar Snær Kristjánsson, Hildur Þórisdóttir og Róbert Ragnarsson frá RR-ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lögð fram fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

**2. Fundur með fulltrúum sveitarstjórnarráðuneytis og Sambandsins**

Björn gerði grein fyrir efni fundar með fulltrúum sveitarstjórnarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á fundinum var rætt um mögulegt fyrirkomulag uppbyggingu stjórnkerfis sameinaðs sveitarfélags. Fulltrúar sambandsins lögðu fram skýrslu með reynslu sveitarfélaga á Norðurlöndum af hverfisráðum og stjórnnum. Mikilvægt er fyrir verkefnið að við kynnum okkur þá reynslu og þá sérstaklega hvað ber að varast við innleiðingu heimastjórna.

Talsverð umræða var um útfærslu heimastjórnarfyrirkomulagsins og var umræða um tvær útfærslur að vali á fulltrúum til heimastjórnar og sveitarstjórnar. Meirihluta fundarmanna hugnast frekar að fara þá leið að tveir fulltrúar verði kosnir beinni kosningu og kjörgengi í þeim kosningum hafi þeir sem hafa lögheimili innan marka núverandi sveitarfélags. Þriðji fulltrúi verði skipaður úr sveitarstjórninni. Hin leiðin er að fara fram á breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna, þannig að heimilt verði að kjósa fulltrúa í sveitarstjórn með tvennum hætti. Annars vegar með hefðbundnum hætti af lista og hins vegar persónukjöri. Sú leið var ekki talin æskileg.

**3. Íbúafundir**

Róbert fór yfir samantektir frá íbúafundunum sem verða aðgengilegar á vef verkefnisins, [svausturland.is](http://svausturland.is)

**4. Framlög Jöfnunarsjóðs**

Róbert óskaði eftir að fá upplýsingar um hvenær ársreikningar sveitarfélaganna verði tilbúnir, svo hefja megi útreikning framlaga Jöfnunarsjóðs til verkefnisins. Jafnframt óskaði hann eftir tengiliðum frá hverju sveitarfélagi sem geta gefið upplýsingar um hvaða upplýsingatækni kerfi sveitarfélögin nota og stöðu hugbúnaðarmála. Þær upplýsingar verða nýttar til að meta þörf fyrir endurnýjun og mögulegan kostnað sem af því hlýst.

Vinna við mat á viðhalds og framkvæmdapörf eigna er enn í gangi, en kostnaður við aðkeypta verkfræðipjónustu er orðinn hærri en þær 1.500 þús kr. sem áætlaðar voru til verkefnisins. Endanlegur kostnaður verður að líkindum nær 2.500 þús kr. Róbert lagði áherslu á að verkefnisstjórar séu upplýstir ef teknar eru ákvarðanir um breytingar sem geta haft áhrif á fjárheimildir.

## **5. Tillögugerð**

Nú eru að safnast saman þær upplýsingar og gögn sem nauðsynlegar eru til að vinna tillögu til umfjöllunar í sveitarstjórnnum. Áætlað er að tillaga verði afgreidd úr samstarfsnefnd 27. maí. Ákveðið var að verkefnisstjórar setji upp yfirlit yfir það efni sem ráðgert er að komi fram í tillögunni og hefji undirbúning tillögugerðar.

## **6. Fundir samstarfsnefndar**

Næsti fundur fer fram 23. apríl á Egilsstöðum kl. 14-17 þar sem aðalræðuefni verður tillögugerðin.

Ákveðið að fundir 23. apríl, 13. maí og 27. maí verði boðaðir sem snertifundir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl:16:35.

Róbert Ragnarsson ritaði fundargerð.